Tilgangur: Rekstur eignarhaldsfélaga, verslunarrekstur, inn- og útflutningur, umboðs- og heildverslun, ráðgjöf hvers konar, fjárfestingar, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024010675

Útgáfud.: 28. maí 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

Félagið heitir: Bearded Eagle ehf.

Kt.: 530524-0780.

Heimili og varnarþing: Sjónarvegi 3, 210 Garðabær.

Dagsetning samþykktar er: 30. apríl 2024.

Stofnendur: Sigurður Örn Sigurðsson, kt. 081093-2299, Sjónarvegi 3, 210 Garðabær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 30. apríl 2024.

Stjórnarmaður: Sigurður Örn Sigurðsson. Varastjórn: Sara Rut Kristbjarnardóttir, kt. 290194-3779, Sjónarvegi 3, 210 Garðabær.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Sigurður Örn Sigurðsson.

Prókúruumboð: Sara Rut Kristbjarnardóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Stella I. Steingrímsdóttir, kt. 091165-4739, Krókavaði 9, 110 Reykjavík.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Þjónusta við flugfélög.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024010676

Útgáfud.: 28. maí 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

*Félagið heitir: **Yoghihorse ehf.***

Kt.: 550524-2950.

*Heimili og varnarþing: **Austurgötu 22, 565 Hofsós.***

Dagsetning samþykktar er: 6. maí 2024.

Stofnendur: Manoranjan Chand, kt. 100285-5179, Austurgötu 22, 565 Hofsós, Hlín C. Mainka Jóhannesdóttir, kt. 160176-2109, Austurgötu 22, 565 Hofsós.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 6. maí 2024.

Formaður stjórnar: Manoranjan Chand. Meðstjórnandi: Hlín C. Mainka Jóhannesdóttir.

Firmað ritar: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Hlín C. Mainka Jóhannesdóttir.

Prókúruumboð: Hlín C. Mainka Jóhannesdóttir.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Margrét Berglind Einarsdóttir, kt. 180276-3199, Kárástíg 16, 565 Hofsós.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er rekstur reiðskóla, jógaskóla, heilsubælandi meðferð, sala á fæði og gistingu, veitingarekstur, eignarhald í öðrum félögum, eignarhald og útleiga fasteigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024010677

Útgáfud.: 28. maí 2024

Hlutafélagaskrá – nýskráning

*Félagið heitir: **Strandafell ehf.***

Kt.: 540524-0920.

*Heimili og varnarþing: **Laxatungu 76, 270 Mosfellsbær.***

Dagsetning samþykktar er: 24. apríl 2024.

Stofnendur: Guðjón Jónsson, kt. 220542-2039, Laxatungu 76, 270 Mosfellsbær, Sigríður Helga Jakobsdóttir, kt. 190241-2899, Laxatungu 76, 270 Mosfellsbær.

Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.: 24. apríl 2024.

Stjórnarmaður: Guðjón Jónsson. Varastjórn: Sigríður Helga Jakobsdóttir.

Firmað ritar: Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.

Framkvæmdastjórn: Guðjón Jónsson.

Prókúruumboð: Sigríður Helga Jakobsdóttir, Guðjón Jónsson.

Skoðunarmaður/endurskoðandi: Jón Hörður Guðjónsson, kt. 200972-3419, Holtagerði 5, 200 Kópavogur.

Hlutfé kr.: 500.000 ISK

Tilgangur: Tilgangur félagsins er að fjárfesta í atvinnu og íbúðarhúsnæði til útleigu.

Hömlur á meðferð hlutabréfa: Já.

Lausnarskylda á hlutabréfum: Nei.

Ríkisskattstjóri, hlutafélagaskrá.

(2024010678

Útgáfud.: 24. maí 2024

Stefna

Pórður Már Jónsson lögmaður,

Vivos lögmönnum,

Hallgerðargötu 13, Reykjavík,

gjörir kunnugt: Að hann þurfi f.h. Thanh Tam Ha, kt. 100288-4009, til heimilis að Dalapíngi 30, Kópavogi, að höfða mál þetta fyrir Héraðsdómi Reykjaness, á hendur Junichi Igarashi, fæddum 9. janúar 1970, ríkisborgara í Japan, með síðasta þekktu heimilisfang að 1-4-25 Honcho Higashikurume, Tokyo, Japan.

I. Dómkröfur:

1. Stefnandi krefst þess að henni verði með dómi falin óskipt forsjá barnsins You Igarashi Ha, fæddum í Vietnam þann 25. janúar 2011 og með vietnamskt vegabréf með númerið C8465255.

2. Að stefndi greiði einfalt meðlag með barninu frá höfðun máls þessa til 18 ára aldurs þess.

3. Þá gerir stefnandi jafnframt þá kröfu að verði fallist á kröfur hennar um forsjá barnsins, að í dómsorði verði mælt fyrir um að áfrýjun dómsins fresti ekki réttaráhrifum hans.

Þá er gerð sú krafa að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, að viðbættum virðisaukaskatti. Áskilinn er réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning við aðalmeðferð málsins, fari hún fram.

II. Fyrirsvar:

Undirritaður lögmaður, Pórður Már Jónsson, hjá Vivos lögmönnum, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

III. Málsatvik:

Stefnandi máls þessa er íslenskur ríkisborgari. Hún fæddist í Vietnam og bjó þar þar til í byrjun árs 2017 er hún flutti til Íslands í kjölfar þess að hún gekk í hjúskap með Íslendingi. Áður hafði hún, í janúar árið 2011, eignast dreng en stefndi er faðir hans. Stefndi, sem á þessum tíma var búsettur í Vietnam, hefur aldrei haft nein afskipti af drengnum, aðeins í fáein skipti hitt hann og hefur raunar ekki hitt hann síðan árið 2013 eða 2014 og ekkert hefur til hans spurst síðan. Eftir að stefnandi flutti hingað til lands var drengurinn alfarið búsettur hjá ömmu sinni og afa í Vietnam.

Eftir að stefnandi flutti til Íslands gerði hún tilraun til að fá dvalarleyfi fyrir drenginn, en þeirri beiðni var hafnað. Rökin fyrir þeirri höfnun eru þau, að ekki sé hægt að sýna fram á gögn varðandi að stefnandi hafi forsjá yfir drengnum. Vandamálið er, að slík gögn eru ófáanleg í Vietnam. Hefur stefnandi fengið ýmsar yfirlýsingar frá yfirvöldum, en þær eru ekki teknar gildar þar sem ekki er um formlegar forsjáryfirlýsingar að ræða heldur frekar yfirlýsingar sem ritaðar eru af stefnanda og staðfestar af yfirvöldum í Vietnam. Hefur stefnandi t.a.m. ráðfært sig við lögmann í Vietnam til að finna út úr því hvernig er hægt að fá lögformlega staðfestingu á því að stefnandi fari ein með forsjá drengsins, en það hefur reynst ómögulegt. Ástæða þess er gefin upp sem sú, að nafn föður komi fram á fæðingarvottorði og að úr þessu verði ekki leyst nema með aðkomu föðursins. Sem ekki finnst.

Þrátt fyrir mikla leit að stefnda yfir margra ára tímabil hefur reynst óvinnandi vegur að hafa upp á honum. Bæði hefur verið gerð tilraun til þess í Víetnam, sem og gegnum tengilið í Japan, en faðirinn er japanskur ríkisborgari. Þá var leitað ásjár japanska sendiráðsins á Íslandi, en þeir munu ekki aðhafast neitt í málinu. Þá hefur verið haft samband við ræðismann Íslands í Saigon (Ho Chi Minh City) í Víetnam, sendiráð Íslands í Beijing í Kína og sendiráð Víetnams í Danmörku, allt án nokkurs árangurs. Það hefur reynst stefnanda óvinnandi vegur að hafa upp á stefnda um langt árabil og er löngu orðið útséð með að stefnandi kemur aldrei til með að hafa upp á honum. Þá var leitað til sáttamiðlara, sem einnig reyndi ítrekað og árangurslaust að hafa upp á stefnda.

Á endanum fór það svo, að stefnandi fékk vegabréfsáritun fyrir drenginn til að koma hingað til lands sem ferðamaður. Var það eina leiðin til að drengurinn fengi að koma hingað til lands. Kom stefnandi ásamt drengnum til Íslands þann 21. júlí 2022. Hefur drengurinn verið hér síðan, en vitanlega er vegabréfsáritunin fyrir langt löngu útrunnin. Hefur drengurinn eigi að síður fengið að ganga í skóla hér undanfarna tvo vetur, í Vatnsendaskóla í Kópavogi, þar sem hann gengur undir nafninu Jóhann. Nafn sem hann kaus sér sjálfur og hyggst taka formlega upp. Og yfirvofandi hljóta síðan að vera aðgerðir Útlendingastofnunar, vegna ólöglegrar dvalar hans hér á landi.

Drengurinn er því hér á landi án kennitölu og nokkurra réttinda. Þá getur stefnandi vitanlega ekki farið með hann í ferðalög út fyrir landsteinana, enda fengi hann ekki inngöngu hingað aftur ef hann fer út fyrir landamærin. Til þess að svo verði, þarf hann að fá hér dvalarleyfi. Og grunnforsenda fyrir því að hann fái hér dvalarleyfi, er að stefnandi geti sýnt fram á að hún fari ein með forsjá hans. Er mál þetta höfðað af því tilefni.

IV. Málsástæður og rök:

Óskipt forsjá:

Stefnandi byggir kröfu sína um forsjá barnsins 2. mgr. 34. gr. laga nr. 76/2003, en barnið hefur ávallt verið búsett hjá henni og foreldrum hennar. Barnið hefur ekki í eitt einasta skipti verið eitt með föður sínum einum og hefur faðirinn aðeins hitt hann örfáum sinnum, síðast fyrir a.m.k. 10 árum síðan. Telur stefnandi augljóst að brýnir hagsmunir barnsins krefjist þess að henni einni verði falin forsjá þess og því þannig tryggð búseta til frambúðar á heimili stefnanda og í hennar umsjá.

Einnig byggir stefnandi kröfu sína um að henni verði einni falin forsjá barnsins á því að hún sé mun hæfari til að fara með forsjána en stefndi. Hún þekkir allar grunnþarfir barnsins og veit hvernig á að mæta þeim. Stefnandi býður barninu upp á stöðugleika og öryggi, sem er einmitt það sem börn þurfa nauðsynlega á að halda. Stefnandi hefur þá ávallt verið aðalumönnunaraðili barnsins. Á hinn bóginn, þá hefur stefndi ekki sýnt barninu nokkurn áhuga og ekki haft samband við það í a.m.k. 10 ár og lætur eftir það ekki finna sig. Þá hefur hann ekki greitt nokkurn einasta kostnað vegna drengsins eða sinnt nokkrum af hans þörfum. Hefur hann því hreinlega sýnt og sannað, að hann er með öllu óhæfur til að fara með forsjá drengsins. Þá er augljóst að hann hefur engan áhuga á því að fara með forsjána eða umönnun drengsins yfir höfuð.

Stefnandi byggir þá kröfu sína um óskipta forsjá barnsins á því að hún hafi umfram stefnda til að bera þá persónulegu eiginleika sem þarf til að sinna umsjá og forsjá barnsins til frambúðar, meðal annars að veita barninu ást og umhyggju sem hann þarf, líkt og önnur börn.

Hafa verður þá í huga að þroski barns er heildstætt hugtak, sem innifelur líkamlegan, sálrænan, andlegan, siðferðislegan og félagslegan þroska sem hjálpar barni að öðlast góðan undirbúning til að lifa sjálfstæðu lífi. Stefnandi sinnir öllum þessum þáttum vel hjá barninu.

Börn hafa þörf fyrir góða umönnun, jákvæð tengsl, stöðugleika, öryggi, ró, jákvæðan aga eða ramma um fyrirjáanlega framtíð. Þetta fær barnið allt hjá stefnanda.

Þá eignaðist stefnandi dóttur ásamt eiginmanni sínum þann 27. mars 2022 og svo son þann 24. janúar 2024. Drengurinn á því systkini hér á landi, sem gríðarlega nauðsynlegt er að vernda tengsl hans við. Á hann sérstaklega orðið mjög sterk tengsl við systur sína sem fæddist árið 2022.

Þá er ljóst, að stefndi hefur með ábyrgðarleysi sínu, með því að sjá í engu um drenginn og sýna honum engan áhuga yfir höfuð, sem og að láta sig hverfa, sett drenginn í mjög erfiða stöðu. Þá verður að telja að slá megi því föstu að útilokað sé, að stefndi hafi nokkurn áhuga á því að taka til varna í máli þessu.

Brýnir og aðkallandi hagsmunir drengsins krefjast þess að kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Krafa um meðlag:

Gerð er krafa um að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda einfalt meðlag frá höfðun máls þessa til 18 ára aldurs barnsins.

Árangurslausar sáttatilaunir:

Telur sáttamaður að uppfyllt séu skilyrði 5. mgr. 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003 um boðun til sáttafundar. Liggur því fyrir sáttavottorð í málinu, á dskj. nr. 21, þar sem fram kemur að stefnandi hafi leitað til sáttamanns til að reyna sáttatilaunir vegna forsjár barnsins í samræmi við 33. gr. a. barnalaga nr. 76/2003 vegna kröfu móður um að fá fulla forsjá drengsins. Sáttatilaunir hafi reynst árangurslausar.

Áfrýjun dómsins fresti ekki réttaráhrifum dómsins:

Stefnandi fer og fram á, að ef fallist verði á kröfur hennar um fulla forsjá barnsins, að í dómsorði verði mælt fyrir um að áfrýjun dómsins fresti ekki réttaráhrifum hans. Stefnandi telur ljóst, sér í lagi í ljósi þess hvernig málið er vaxið, að það sé barninu fyrir bestu að áfrýjun dómsins muni ekki fresta réttaráhrifum hans. Raunar má þó telja útilokað að tekið verði til varna í málinu, hvað þá að dómi í því verði áfrýjað.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu þar sem útilokað hefur reynst að hafa upp á stefnda og engin leið fyrir stefnanda að hafa upp á honum, hvorki af eigin hálfu né af hálfu sáttamanns, og ekki er unnt fyrir erlend yfirvöld að hafa upp á honum.

V. Lagarök og tilvísanir til helstu lagaákvæða:

Krafan um forsjá er reist á V. kafla barnalaga nr. 76/2003, einkum 31. gr., sbr. 34. gr. laganna. En í 2. mgr. 34. gr. laganna er kveðið á um að dómari skuli ákveða hjá hvoru foreldri forsjá barns skuli vera, eftir því sem barni er fyrir bestu. Þá er byggt á barnalögunum í heild, svo og meginreglum þeirra og undirstöðurökum.

Stefnandi telur einnig nauðsynlegt, fari svo ólíklega að gripið verði til varna í málinu, að dómari á grundvelli 42. gr. barnalaga nr. 76/2003 hlutist til um að sérfróður aðili kanni aðstæður málsaðila, hæfni þeirra til að fara með forsjá barnsins og tengsl við málsaðila. Stefnandi áskilur sér að öðrum kosti rétt til að óska eftir sérfræðilegri álitsgerð í því skyni, sbr. 3. mgr. 42. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Krafa um meðlag er reist á ákvæðum barnalaga nr. 76/2003, sér í lagi IX. kafla laganna.

Krafan um að áfrýjun dómsins fresti ekki réttaráhrifum hans er reist á 44. gr. barnalaga nr. 76/2003.

Þá er byggt á ákvæðum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, en þar kemur m.a. fram í 8. gr. að aðildarríki skuldbindi sig til þess að virða rétt barns til að viðhalda því sem auðkennir það, þar með talið fjölskyldutengslum. Ef kröfur stefnanda verða ekki teknar til greina, er ljóst að drengurinn mun ekki hafa heimild til að dvelja hér á landi og þar með er ljóst að fjölskyldu hans verður sundrað. Myndi það hafa gríðarlega víðtæk og óafturkræf áhrif á líf barnsins.

Einnig er byggt á 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sem kveður á um að öllum beri réttur til þess að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur með réttlátri málsmeðferð fyrir óhlutdrægum dómstóli.

Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Varðandi birtingu stefnu í Lögbirtingablaðinu vísast til a. og b. liða 1. mgr. 89. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sbr. einnig 2. mgr. 83. gr. sömu laga.

Varðandi varnarþing vísast til 2. máls. 1. mgr. 37. gr. barnalaga nr. 76/2003.

VI. Skjöl, sönnunargögn og áskilnaður:

Við þingfestingu málsins mun stefnandi a.m.k. leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa, ásamt birtingarvottorði úr Lögbirtingablaðinu.
2. Skrá yfir framlögð gögn í máli þessu.
3. Afrit vegabréfs stefnda, gefið út 29. október 2004.
4. Fæðingarvottorð, dags. 23.09.2011, ásamt þýðingu löggilts skjalapýðanda.
5. Afrit vegabréfs You Igarashi Ha, útgefið 11.11.2019.

6. Staðfesting frá sýslufulltrúa í Vung Tau á beiðni stefnanda um staðfestingu á því að hún fari með forsjá drengsins, dags. 4.03.2020, ásamt þýðingu löggilts skjalapýðanda sem staðfest var af utanríkisráðuneyti Vietnam.
7. Tölvupóstsamskipti við Útlendingastofnun, dags. 14.04.2020-6.01.2021.
8. Umsókn um dvalarleyfi, dags. 21.4.2020.
9. Beiðni Útlendingastofnunar um gögn.
10. Tölvupóstsamskipti við Útlendingastofnun, dags. 14.10.2020-16.10.2020.
11. Ítrekun Útlendingastofnunar á beiðni um gögn, dags. 28.12.2020.
12. Tölvupóstsamskipti við Útlendingastofnun, dags. 8.04.2021-14.04.2021.
13. Loka ítrekun Útlendingastofnunar, dags. 6.07.2021, vegna umsóknar um dvalarleyfi dagsettri 27.04.2020.
14. Umsókn um dvalarleyfi, dags. 11.09.2022.
15. Bréf um skuldbindingu (letter of commitment) dags. 23.09.2022.
16. Staðfesting sýslufulltrúa í Vung Tau, Vietnam, á höfundi bréfs dags. 23.09.2022, ásamt staðfestingu utanríkisráðuneytis Vietnam, staðfest af sendiráði Íslands í Peking.
17. Beiðni Útlendingastofnunar um gögn, dags. 26.04.2023.
18. Tölvupóstsamskipti við Útlendingastofnun, dags. 26.04.2023-30.05.2023.
19. Tölvupóstsamskipti við japanska sendiráðið á Íslandi, dags. 8.05.2023-15.05.2023.
20. Ákvörðun Útlendingastofnunar, dags. 30.11.2023.
21. Sáttavottorð, dags. 7.5.2024.
22. Tölvupóstur til ræðismanns Íslands í Saigon, Vietnam, dags. 9.5.2024.
23. Tölvupóstur til sendiráðs Íslands í Beijing, Kína, dags. 9.5.2024.
24. Tölvupóstur til sendiráðs Vietnam í Danmörku, dags. 9.5.2024.

VII. Áskilnaður:

Áskilinn er réttur til þess að koma að nýjum málsástæðum, frekari rökstuðningi og til framlagningar frekari gagna ef þurfa þykir, allt í samræmi við 41. gr. barnalaga nr. 76/2003.

VIII. Fyrirkall:

Fyrir því stefnist hér með Junichi Igarashi, ríkisborgara í Japan, fæddum þann 9. janúar 1970, með japanskt vegabréf gefið úr 29. október 2004 með númerið TG6037143, með síðasta þekkta heimilisfang að 1-4-25-Honcho Higashikurume, Tokyo, Japan, til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjaness, Fjarðargötu 9 í Hafnarfirði, miðvikudaginn 26. júní 2024, klukkan 9.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess að þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur hlýða, til sakar að svara og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útvistardómur gangi í málinu í samræmi við stefnukröfur. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Kópavogi 24. maí 2024.

Þórður Már Jónsson lögmaður.

(2024010534

Útgáfud.: 27. maí 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi: Mikael Alf Rodriguez Óttarsson, kt. 090300-2290, óstaðsettur í hús í Reykjavík.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ragnhildur Sophusdóttir, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 149.750, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 141.803 frá 2. febrúar 2024 til 4. mars 2024, af kr. 149.750 frá 4. mars 2024 til greiðsludags. Kröfunúmer 00301-240086.

Þess er einnig krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda bankakostnað að fjárhæð kr. 20.280. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á reikningsyfirlitum v/VISA greiðslukorts:

Nr.	Útgáfudagur	Gjaldddagi	Fjárhæð
1	29. janúar 2024	2. febrúar 2024	141.803
2	27. febrúar 2024	4. mars 2024	7.947

Skuld stefnda er til komin vegna úttekta stefnda með VISA greiðslukorti sem endar á nr. **-3072, sbr. dskj. nr. 3. Samkvæmt skilmálum kortsins bar stefnda að greiða úttektir hvers tímabils til stefnanda í síðasta lagi annan dag næsta mánaðar eftir lok viðkomandi tímabils. Skuldin hefur hins vegar ekki verið greidd af hálfu stefnda.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna.

Krafa um greiðslu bankakostnaðar samanstendur af kostnaði sem fallið hefur á kröfuna fram að löginheimtu, samtals að fjárhæð kr. 20.280, og byggir á gjaldskrá stefnanda, sbr. dskj. nr. 7, reikningsyfirlitum, sbr. dskj. nr. 3, og viðskiptaskilmálum stefnanda vegna VISA kreditkorta, sbr. dskj. nr. 8.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi óstaðsettur í hús, en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningsyfirlit v/VISA-úttekta.
4. Reikningasaga.
5. Gjaldskrá Arion banka hf. vegna vanskila.
6. Úrdráttur úr viðskiptaskilmálum VISA.
7. Útprentun úr Þjóðskrá.
8. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 27. júní 2024, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 13. maí 2024.

F. h. stefnanda,

Ragnhildur Sophusdóttir lögmaður.

(2024010609

Útgáfud.: 27. maí 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi: Gabriel Tandri Bjarkason, kt. 110202-4580, óþekkt heimilisfang.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ragnhildur Sophusdóttir, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 221.172, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 221.172 frá 06.05.2024 til greiðsludags. Kröfunúmer 00326-240029.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir og málsástæður: Krafa stefnanda byggir á uppsafnaðri skuld stefnda við stefnanda á veltureikningi nr. 0326-26-110202. Veltureikningurinn tilheyrir útibúi stefnanda og er skuldin til komin vegna samnings um yfirdráttarlán á veltureikningi hjá stefnanda þar sem stefndi lofaði að taka að láni og stefnandi lofaði að lána allt að kr. 320.000, sbr. dskj. nr. 4. Stefndi auðkenndi sig í netbanka stefnanda og sótti þar um yfirdráttarheimild á framangreindum reikningi. Þar staðfesti hann að hafa kynnt sér staðlaðar upplýsingar um lánessamninginn, sbr. dskj. nr. 7, og upplýsingar um þróun höfuðstóls og greiðslubyrði auk þess sem hann samþykkti lánessamninginn. Yfirdráttarlánið var í kjölfarið afgreitt.

Samkvæmt skilmálum samningsins skyldi endurgreiða skuldina með einni greiðslu þann 1. ágúst 2024. Lánið skyldi bera yfirdráttarvexti samkvæmt nánari útlistun í lánessamningnum.

Þar sem stefndi vanrækti að greiða mánaðarlega inn á reikninginn sem nam vaxtagreiðslum og ekki reyndist unnt að skuldfæra vexti var lánessamningnum sagt upp, sbr. f-lið greinar 5.1 í lánessamningnum, þann 6. maí 2024. Nam þá uppsöfnuð skuld kr. 221.172, sem er stefnufjárhæð málsins, sbr. dskj. nr. 3.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi hefur reglulega fengið send yfirlit frá stefnanda um stöðu reikningsins á hverjum tíma, en stefnandi veit ekki til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þau yfirlit.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi er með óþekkt heimilisfang en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Stefnandi krefst dráttarvaxta frá þeim degi sem eftirstöðvar skuldarinnar voru gjaldfelldar, sbr. framangreint, til greiðsludags og byggir þá kröfu á gr. 2.5 og ákvæði um uppsögn lánessamnings í samningi um yfirdráttarlán og 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggjörninga. Jafnframt er vísað til laga um neytendalán nr. 33/2013. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.
2. Skrá.
3. Reikningaskrá.
4. Samningur um yfirdráttarlán.
5. Staðlaðar upplýsingar um evrópsk neytendalán.
6. Upplýsingar úr þjóðskrá.
7. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 27. júní 2024, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar

aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.
Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 17. maí 2024.
F. h. stefnanda,
Ragnhildur Sophusdóttir lögmaður.

(2024010610

Útgáfud.: 27. maí 2024

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefndi: Ragnar Halldórsson, kt. 250168-4549, óstaðsettur í hús í Reykjavík.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Ragnhildur Sophusdóttir, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1.644.109, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 1.644.109 frá 7. febrúar 2024 til greiðsludags. Kröfunúmer 00301-240032.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Málavextir og málsástæður: Krafa stefnanda byggir á uppsafnaðri skuld stefnda við stefnanda á veltureikningi nr. 0301-26-009654. Veltureikningurinn tilheyrir útibúi stefnanda og er skuldin til komin vegna samnings um yfirdráttarlán á veltureikningi hjá stefnanda þar sem stefndi lofaði að taka að láni og stefnandi lofaði að lána allt að kr. 1.655.000, sbr. dskj. nr. 6. Stefndi auðkenndi sig í netbanka stefnanda og sótti þar um yfirdráttarheimild á framangreindum reikningi. Þar staðfesti hann að hafa kynnt sér staðlaðar upplýsingar um lánsamninginn, sbr. dskj. nr. 7, og upplýsingar um þróun höfuðstóls og greiðslubyrði auk þess sem hann samþykkti lánsamninginn. Yfirdráttarlánið var í kjölfarið afgreitt.

Samkvæmt skilmálum samningsins skyldi endurgreiða skuldina með einni greiðslu þann 10. mars 2023. Lánið skyldi bera yfirdráttarvexti samkvæmt nánari útlistun í lánsamningnum.

Lánið var síðar framlengt, sbr. 4. gr. samningsins til 10. mars 2024.

Þar sem stefndi vanrækti að greiða mánaðarlega inn á reikninginn sem nam vaxtagreiðslum og ekki reyndist unnt að skuldfæra vexti var lánsamningnum sagt upp, sbr. f-lið greinar 5.1 í lánsamningnum, þann 7. febrúar 2024. Nam þá uppsöfnuð skuld kr. 1.644.109, sem er stefnufjárhæð málsins, sbr. dskj. nr. 3.

Samkvæmt almennum reglum kröfuréttar og meginreglu samningaréttar um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga ber stefnda að greiða kröfuna. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefndi hefur reglulega fengið send yfirlit frá stefnanda um stöðu reikningsins á hverjum tíma, en stefnandi veit ekki til þess að gerðar hafi verið athugasemdir við þau yfirlit.

Stefnandi krefst dráttarvaxta frá þeim degi sem eftirstöðvar skuldarinnar voru gjaldfelldar, sbr. framangreint, til greiðsludags og byggir þá kröfu á gr. 2.5 og ákvæði um uppsögn lánsamnings í samningi um yfirdráttarlán og 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt upplýsingum þjóðskrár er stefndi óstaðsettur í hús í Reykjavík, en ekki er nánar vitað um heimilisfang hans. Því er nauðsynlegt fyrir stefnanda að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Lagatilvísanir: Vísað er til almennra reglna kröfuréttarins og meginreglu samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Jafnframt er vísað til laga um neytendalán nr. 33/2013. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefna.

2. Skrá.
3. Reikningaskrá.
4. Innheimtuviðvörðun.
5. Innheimtubréf.
6. Samningur um yfirdráttarlán.
7. Staðlaðar upplýsingar um evrópsk neytendalán.
8. Málskostnaðarreikningur.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg, þann 27. júní 2024, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 13. maí 2024.
F. h. stefnanda,
Ragnhildur Sophusdóttir lögmaður.

(2024010611

Útgáfud.: 27. maí 2024

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Ingibjörg Þorsteinsdóttir,

dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur,

gerir kunnugt: mér hefur tjáð Einar Gautur Steingrímsson, lögmaður, Suðurlandsbraut 52, Reykjavík að hann þurfi að höfða mál, f.h. Ara Sveins Erlendssonar, kt. 130997-2019, Bakkavör 7, Seltjarnarnesi, fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefndandi hefur tjáð réttinum að hann gerir svohljóðandi dómkröfur: Að ógilt verði með dómi skuldabréf, útgefið 11. október 2016, tryggt með 1. veðrétti í bifreiðinni TTJ-34 af gerðinni BMW 325i. Skuldabréfið er útgefið af Ara Svein Erlendsson, kt. 130997-2019, handa Sveini Björnssyni, kt. 121242-7969, óverðtryggt og beinni aðfarar- og nauðungarsöluheimild, að fjárhæð kr 1.650.000, með gjalddaga 3. dag hvers mánaðar frá 1. gjalddaga 3. nóvember 2016 með 6% vöxtum frá 11. október 2016. Þá er gerð krafa um málskostnað ásamt virðisaukaskatti úr hendi þess sem kann að taka til varna í málinu.

Málavextir: Stefndandi kveður málavexti vera þá að hann hafi keypt bifreiðina með skráningarnúmeri TTJ 35 sem að ofan greinir á skrifstofu Lausna Lögmannsstofu sf. af áður greindum Sveini Björnssyni og greitt kaupverðið meðal annars með afhendingu skuldabréfsins sem krafist er ógildingar á. Hann hafi greitt skuldabréfið upp í samræmi við skuldabréfið, hins vegar hafi hann ekki fengið frumrit skuldabréfsins í hendur áritað um uppgreiðslu og til aflýsingar eins og hann eigi rétt til. Ekki sé ágreiningur um að skuldabréfið hafi verið greitt upp en frumritið hafi glatast og finnist ekki og því verði ekki hjá því komist að höfða ógildingarmál þetta svo unnt verði að aflýsa því af bifreiðinni.

Málsástæður og lagarök: Stefndandi kveður mál þetta vera höfða með heimild í XVIII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um birtingu stefnu vísast til 3. mgr. 121. gr. og um varnarþing til 2. mgr. 120. gr. sömu laga. Um stefnufrest vísast til 3. mgr. 91. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefndandi muna leggja fram eftirfarandi gögn til sönnunar á kröfu sinni:

- Nr. 1. Frumrit stefnu þessarar útgefin af Héraðsdómi Reykjavíkur.
- Nr. 2. Lögbirtingablaðið sem stefna þessi er birt á netinu.
- Nr. 3. Afrit veðskuldabréfs, móttakið til þinglýsingar 12. október 2016.
- Nr. 4. Veðbandayfirlit.
- Nr. 5. Staðfesting frá Lausnum Lögmannsstofu sf. á að skuldabréf er að fullu greitt.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim er kann að hafa framangreint skuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því til þess að mæta á dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg fimmtudaginn 27. júní 2024 kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til skuldabréfsins. Að öðrum kosti má búast við að útvistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 24. maí 2024.

F.h. Héraðsdóms Reykjavíkur.

F.h. Ingibjargar Þorsteinsdóttur dómstjóra,

Karítas Rán Garðarsd. aðstoðarmaður dómara.

(2024010615

Útgáfud.: 29. maí 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 17. maí síðastliðinn í máli nr. L-1053/2024, var Einar Örn Sigurðsson, kt. 020306-3190, sviptur fjárræði tímabundið til tuttugu ára aldurs frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjaness, 27. maí 2024.

Halldóra Þorsteinsdóttir héraðsdómari.

(2024010624

Útgáfud.: 30. maí 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 29. maí 2024, í máli nr. L-2591/2024, var Eduards Baumanis, kt. 100186-3229, sviptur lögræði tímabundið í eitt ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 29. maí 2024.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari.

(2024010824

Útgáfud.: 31. maí 2024

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, uppkveðnum 30. maí 2024, í máli nr. L-2729/2024, var Kristín Ragna Briem, kt. 150506-2980, svipt fjárræði tímabundið í fimm ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 30. maí 2024.

Hólmfríður Grímsdóttir héraðsdómari.

(2024010942

Útgáfud.: 28. maí 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **HRH ehf.***Kt.:* 570524-0540.*Heimili og varnarþing:* **Vesturbakka 7, 815 Þorlákshöfn.***Dagsetning samþykktar er:* 7. maí 2024.*Stofnendur:* Helena Rún Hannibalsdóttir, kt. 151192-2119, Núpahrauni 22, 815 Þorlákshöfn.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 7. maí 2024.*Stjórnarmaður:* Helena Rún Hannibalsdóttir. Varastjórn: Andri Már Óskarsson, kt. 180991-2049, Miðholti 1, 270 Mosfellsbær.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Helena Rún Hannibalsdóttir.*Prókúruumboð:* Helena Rún Hannibalsdóttir.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Sigfús Bjarnason, kt. 210359-7969, Ásvallagötu 79, 101 Reykjavík.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur er að reka heildverslun með barnavörur, netverslun með barnavörur og innflutning á barnavörum.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024010651

Útgáfud.: 28. maí 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Hrafnshemar ehf.***Kt.:* 540524-1490.*Heimili og varnarþing:* **Krókamýri 44, 210 Garðabær.***Dagsetning samþykktar er:* 9. apríl 2024.*Stofnendur:* Helga Þórdís Gunnarsdóttir, kt. 190470-4589, Krókamýri 44, 210 Garðabær.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 9. apríl 2024.*Stjórnarmaður:* Helga Þórdís Gunnarsdóttir. Varastjórn: Arnar Jónsson, kt. 141169-4089, Krókamýri 44, 210 Garðabær.*Firmað ritar:* Ef einn í stjórn: Stjórnarmaður, ef stjórn er fjölskipuð: Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Arnar Jónsson.*Prókúruumboð:* Helga Þórdís Gunnarsdóttir.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Jón Arnar Baldurs, kt. 200368-3049, Urðarbraut 9, 200 Kópavogur.*Hlutfé kr.:* 500.000 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er fasteignaviðskipti, útleiga fasteigna, sala hugbúnaðar og lánastarfsemi.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024010652

Útgáfud.: 28. maí 2024

Hlutfélagaskrá – nýskráning*Félagið heitir:* **Vatnsborgir ehf.***Kt.:* 550524-2870.*Heimili og varnarþing:* **Munaðarhóli 6, 360 Hellissandur.***Dagsetning samþykktar er:* 30. apríl 2024.*Stofnendur:* Óskar Skúlason, kt. 041159-2519, Munaðarhóli 6, 360 Hellissandur.*Stjórn félagsins skipa skv. fundi dags.:* 30. apríl 2024.*Stjórnarmaður:* Óskar Skúlason. Varastjórn: Þóra Olsen, kt. 291262-5389, Munaðarhóli 6, 360 Hellissandur.*Firmað ritar:* Meirihluti stjórnar.*Framkvæmdastjórn:* Óskar Skúlason.*Prókúruumboð:* Óskar Skúlason.*Skoðunarmaður/endurskoðandi:* Deloitte ehf., kt. 521098-2449, Dalvegi 30, 201 Kópavogur.*Hlutfé kr.:* 1.402.941 ISK*Tilgangur:* Tilgangur félagsins er útgerð smábáta og vinnsla, kaup og sala eigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur.*Hömlur á meðferð hlutabréfa:* Já.*Lausnarskylda á hlutabréfum:* Nei.**Ríkisskattstjóri, hlutfélagaskrá.**

(2024010654

Lögbirtingablað,
37. tölublað 2024.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.